

Ed. 419. Frumvarp til laga [213. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

179. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „dómsmálaráðuneytinu“ í 2. og 3. másl. 2. mgr. komi: fangelsismálastofnun.

2. gr.

189. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „dómsmálaráðuneytisins“ komi: fangelsismálastofnunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fangelsi og fangavist. Í 2. gr. þess frumvarps er gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun annist fullnustu refsídóma og er því eðlilegt að dómar berist beint til þeirrar stofnunar í stað dómsmálaráðuneytisins eins og nú er gert ráð fyrir í 179. og 189. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.